

Hér má finna upplýsingar um hvað skal gera ef vegabréf tapast.

Farið er í gegnum ákveðið ferli þegar vegabréf tynast/er stolið og skiptir máli að hverju þrepi sé fylgt nákvæmlega. Best er að hafa samband við sendiráðið áður en ferlið er hafið. Minnt er á að koma með tvær passamyndir til sendiráðisins þegar þar að kemur.

### 1. ÞREP

Fyrst þarf að fara á lögreglustöðina og tilkynna að vegabréfið hafi tapast. Það er nauðsynlegt til að fá lögregluskýrslu. Hægt er að gera slíkt hér:

San Li Tun Police Station Ya Xiu Market North Hu Tong Tel: +86-10-6416-6786	北京市公安局朝阳区分局三里屯派出所 ( 雅秀服装市场往北 ) 电话 : 6416 6786
--	---

### 2. ÞREP

Á lögreglustöðinni er skrifuð lögregluskýrsla og fara þarf með þá skýrslu til íslenska sendiráðsins. Í kjölfarið gefur sendiráðið út neyðarvegabréf byggt á lögregluskýrslunni. Nauðsynlegt er að koma með tvær passamyndir.

The Icelandic Embassy in Beijing Landmark Tower 1 #802 No.8 Dongsanhuan Bei Lu, Sími: +86 (10) 6590 -7795	北京市朝阳区东三环北路8号 亮马河大厦办公楼1座802室, 100004 北京 中国. 电话 : +86 (10) 6590 -7795
--	--

### 3. ÞREP

Fara þarf með lögregluskýrsluna og neyðarvegabréfið til „Entry and Exit Administrative Office of Beijing Public Security Bureau“ til að fá útgefna formlega brottfararáritun til að geta yfirgefið Kína.

Entry and Exit Administrative Office of Beijing Public Security Bureau No. 2 An Ding Men Dong Da Jie Tel: +86-10-8402-0101	北京市公安局出入境管理处 安定门东大街二号 电话 : +86-10-8402 -0101
---	--

Ef viðkomandi er staddur í Hong Kong er hægt að leita til íslenska ræðismannsins sem staðsettur er þar.